



Reykjavík 18. ágúst 2008

Skýrsla stjórnar AE starfsendurhæfingar fyrir árið 2007

Félagið var stofnað í maí 2005 en starfsemin hófst á árinu 2006 og var þá ráðinn rekstrarstjóri til félagsins. Tilgangur félagsins er rekstur starfsendurhæfingar, sem mun vinna að því að efla virkni og þátttöku fólks með geðsjúkdóma og annarra sem misst hafa hlutverk, skapa því tækifæri til áframhaldandi starfa á almennum vinnumarkaði, vinna forvarnarstarf, efla notendaáhrif, að skapa hlutverk og að setja sérþekkingu geðsjúkra í farveg.

Í stjórn voru: Hulda Styrmsdóttir formaður, Árni Gunnarsson, varaformaður, Andri Árnason, Auður Axelsdóttir og Þórólfur Árnason. Varamaður Elín Ebba Ásmundsdóttir.

Í byrjun árs 2007 voru ráðnir til starfa tveir iðjuþjálfar, þær Kristjana Milla Snorradóttir og Ragnheiður Kristinsdóttir, til að undirbúa starfsemi Hlutverkaseturs og til að halda utan um verkefnið NsN (Notandi spyr Notanda). Einnig voru ráðnir til starfa 6 notendur við NsN verkefnið, allir í 25% stöðuhlutfall. Verkefnið var unnið samkvæmt samningi við félagsmálaráðuneytið, sem gerður var við AE starfsendurhæfingu í árslok 2006. Anna Katrín Árnadóttir hætti sem rekstrarstjóri í lok maí og Kristjana Milla Snorradóttir hætti í júlí. Eiríkur Guðmundsson var ráðin sem rekstrarstjóri haustið 2007.

Um haustið gerði Reykjavíkurborg samning við AE starfsendurhæfingu, um atvinnulega endurhæfingu fyrir 6 einstaklinga, vísað í gegnum þjónustumiðstöðvar Rvk. Starfsemin hófst í Lækjargötu 4, en flutti í húsnæði á Laugavegi 26 í júní og þar fer starfsemi Hlutverkaseturs fram.

Samningar við samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis náðust ekki á árinu og undirbúningur stendur enn yfir.

Gerðar voru fjórar úttektir á samýlum fyrir geðsjúka (NsN) og einnig voru fræðsludagarnir „Valdefling í verki“ haldnir á fjórum stöðum á landsbyggðinni, þ.e. Akureyri, Ísafirði, Egilsstöðum og Hornafirði.

Ekki var ráðið í þær notendastöður sem fyrirhugað var á árinu fyrir styrk frá Sparisjóðnum, en hann er að upphæð kr. 2.766.688 en ráðið verður í þær fljótlega eftir áramót.

AE starfsendurhæfing fékk styrk að upphæð kr. 1.020.000 frá Salmanía sem ekki hefur verið ráðstafað en fyrirhugað er að stofna aðstandendasjóð fyrir styrkinn.

Starfsemi Hlutverkaseturs var ekki komin í fullan gang á árinu. Enn er unnið að þróun, mótun og stækkun starfseminnar. Bundnar eru vonir við að með tilkomu fyrirhugað samnings við samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamála-ráðuneytisins geti starfsemin farið í fullan gang á komandi rekstarári 2008.

Hluthafa eru tveir, þær: Auður Axelsdóttir kt. 020163-2619 og Elín Ebba Ásmundsdóttir kt. 111255-4239.

Auður Axelsdóttir, formaður stjórnar